



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Alþjóðadeild við Landkotsskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 13. nóvember 2018 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 15. október 2018 um framlengingu þróunarverkefnis vegna reksturs alþjóðlegrar deildar við Landkotsskóla, tölvubréf Landkotsskóla, dags. 15. september 2018, um framlengingu þróunarverkefnis við Landkotsskóla og bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 14. september 2018 um framlengingu þróunarverkefnis við Landkotsskóla fram til loka skólaársins 2018-2019:

Með vísan til bréfs mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 14. september 2018 samþykkir skóla- og frístundaráð að framlengja þróunarverkefni vegna reksturs alþjóðadeildar innan Landkotsskóla fram til loka skólaársins 2018 – 2019. Fyrri samþykkt frá 7. júní 2017 varðandi viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna verði óbreytt. Sviðsstjóra er falið að ganga frá samningi við Landkotsskóla um greiðslu framlags.

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga um aukið framlag, ódags.

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 15. október 2018

Bréf Landkotsskóla, dags. 15. september 2018

Bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 14. september 2018

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna varðandi framlengingu þróunarverkefnis vegna reksturs alþjóðadeildar:

Með vísan til bréfs mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 14. september 2018 samþykkir skóla- og frístundaráð að framlengja þróunarverkefni vegna reksturs alþjóðadeildar innan Landakotsskóla fram til loka skólaársins 2018 – 2019. Fyrri samþykkt frá 7. júní 2017 varðandi viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna verði óbreytt. Sviðsstjóra er falið að ganga frá samningi við Landakotsskóla um greiðslu framlags.



MINNISBLAÐ

Reykjavík, 15. október 2018
SFS2015040095
146. fundur
HG/gS/geb

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Rekstur alþjóðlegrar deildar við Landakotsskóla, framlenging þróunarverkefnis

Með bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 14. september 2018, til Landakotsskóla er upplýst um að í ljósi þess að enn hafi ekki fundist lausn á viðurkenningarferlinu fyrir alþjóðadeildir grunnskóla hafi ráðuneytið ákveðið að framlengja þróunarverkefnið til loka skólaársins 2018 – 2019. Með tölvuskeyti, dags. 15. september 2018, fer skólastjóri Landakotsskóla fram á að samningur skólans við Reykjavíkurborg sem heimilar greiðslur vegna alþjóðadeildar skólans verði framlengdur um ár.

Samkvæmt 44. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 getur ráðherra veitt sveitarfélögum og sjálfstætt reknunum grunnskólum heimild til að reka þróunarskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga þessara, reglugerða settra á grundvelli þeirra og aðalnámskrár grunnskóla. Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og kveðið á um úttekt að tilraun lokinni. Heimilt er að styrkja þróunarskóla og sérstakar nýjungar eftir því sem fjárlög heimila hverju sinni.

Forsaga málsins

Á 129. fundi skóla- og frístundaráðs þann 22. nóvember 2017 var samþykkt að framlengja þróunarverkefni vegna reksturs alþjóðadeildar við Landakotsskóla fram til loka skólaársins 2017 – 2018 fyrir allt að 70 nemendur. Fyrri samþykkt frá 7. júní 2017 varðandi viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna verði óbreytt. Erindið var samþykkt í borgarráði 30. nóvember 2017.

Á 120. fundi skóla- og frístundaráðs þann 7. júní 2017 var samþykkt að veitt verði heimild fyrir stofnun og starfrækslu alþjóðadeildar við Landakotsskóla fyrir allt að 70 nemendur. Fyrirvari var gerður um að mennta- og menningarmálaráðuneyti veiti viðurkenningu til samræmis við 46. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Jafnframt var samþykkt að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt væri að greiða framlag vegna til Landakotsskóla verði breytt með þeim hætti að miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna geti orðið 234 í stað 189 frá upphafi skólaárs 2017 - 2018. Framlag verði greitt óháð því hvort reykvískur nemandi

sé í almenna hluta skólans eða í alþjóðadeild. Engu að síður verði skýrt í hvorum hluta skólans reykvískir nemendur eru. Sviðsstjóra var falið að gera viðauka við núverandi samning aðila frá 20. október 2015 þar sem kveðið er á um fjölgun nemenda. Framangreint var jafnframt samþykkt í borgarráði þann 15. júní 2017.

Á 81. fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. júní 2015 var samþykkt og vísað til borgarráðs að veitt yrði heimild fyrir þróunarverkefni til tveggja ára um stofnun og starfrækslu alþjóðadeildar við Landakotsskóla fyrir allt að 24 nemendur. Sviðsstjóra var falið að ganga til samninga við forsvarsmenn skólans sem feli í sér heimild til að greiða framlög með allt að þrettán reykvískum börnum á samningstímanum. Fyrirvari var gerður um samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytisins til samræmis við 44. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Erindið var samþykkt í borgarráði þann 2. júlí 2015.

From: Ingibjörg Jóhannsdóttir
Sent: 15. september 2018 16:03
To: 'Anna Garðarsdóttir' <anna.gardarsdottir@reykjavik.is>; 'soffia.vagnsdóttir@reykjavik.is' <soffia.vagnsdottir@reykjavik.is>; 'helgi.grimsson@rvk.is' <helgi.grimsson@rvk.is>
Subject: Framlengt þróunarverkni
Importance: High

Heil og sæl.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar sendi Landakotsskóla bréfi dagsett 12. september síðast liðinn þar sem krafist er svara um stöðu tilraunaverkefnis um rekstur alþjóðadeildar innan skólans. Í júlí 2015 veitti Mennta- og menningarmálaráðuneytið skólanum tímabundna heimild til tveggja ára til að fara af stað með umrædda deild innan skólans. Verkefnið var veitt á grundvelli 44. gr. grunnskólalaga um þróunarskóla. Í framhaldi ákvað ráðuneytið að framlengja tilraunaverkefnið um ár þar sem vandkvæði voru á afgreiðslu málsins innan ráðuneytisins.

Síðast liðinn maí sendi skólastjóri fyrirspurn til ráðuneyti um stöðu mála og ítrekaði fyrirspurnina í síðustu viku eftir að bréf frá SFS barst. Í viðhengi er svar Mennta- og menningarmálaráðuneytis til skólans og var afrit sent á Helga Grímsson, sviðstjóra. Í svari ráðuneytis kemur fram að enn séu vandkvæði á afgreiðslu málsins innan ráðuneytisins. Því hefur ráðuneytið ákveðið að framlengja tilraunaverkefnið um eitt ár til viðbótar.

Vonandi eru þessar upplýsingar fullnægjandi og óskar skólinn eftir að samningur skólans við Reykjavíkurborg sem heimilar greiðslur vegna alþjóðadeildar skólans verði framlengdur um ár.

Með góðum kveðjum,

Ingibjörg Jóhannsdóttir
Skólastjóri Landakotsskóla
Túngata 15
S: 510 8200



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 · 101 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Landakotsskóli
Ingibjörg Jóhannsdóttir
Túngötu 15
101

Reykjavík 14. september 2018
Tilv.: MMR18090121/8.4-

Í júlí 2015 samþykkti mennta- og menningarmálaráðuneytið að veita Landakotsskóla, samkvæmt beiðni þar um, tímabundna heimild til að reka alþjóðadeild innan skólans sem þróunarskóli á næstu tveimur skólaárum á grundvelli 44. gr. grunnskólalaga.

Landakotsskóli sendi ráðuneytinu dags. 31. maí 2017 beiðni um viðurkenningu til að reka alþjóðadeild innan skólans. Í kjölfar þess sendi Landakotsskóli beiðni til Menntamálastofnunar um viðurkenningu til að reka alþjóðlega deild innan skólans.

Þar sem ekki var hægt að afgreiða umsókn skólans um viðurkenningu ákvað ráðuneytið að framlengja þróunarverkefnið fram til loka skólaársins 2017-2018.

Í ljósi þess að enn hefur ekki fundist lausn á viðurkenningarferli fyrir alþjóðadeildir grunnskóla hefur ráðuneytið ákveðið að framlengja þróunarverkefnið til loka skólaársins 2018-2019.

Fyrir hönd ráðherra


Hellen Gunnarsdóttir


Björk Óttarsdóttir

Ljósrit: Reykjavíkurborg, Skóla- og fristundasvið
Helgi Grímsson
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík